



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ritgerð til BA-prófs
í Íslensku sem öðru máli

(Þjóðar)sálin hans Jóns míns í enskri þýðingu

Þýðing á allri bókinni *(Þjóðar)sálin hans Jóns míns* eftir Birki
Blæ Ingólfsson

Mansoor Ahmad Malik

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir
Júní 2023

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

(Þjóðar)sálin hans Jóns míns í enskri þýðingu

Þýðing á allri bókinni *(Þjóðar)sálin hans Jóns míns* eftir Birki Blæ
Ingólfsson

Mansoor Ahmad Malik

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

(Þjóðar)sálin hans Jóns míns í enskri þýðingu
Þýðing á allri bókinni (Þjóðar)sálin hans Jóns míns eftir Birki Blæ Ingólfsson

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© 2023 Mansoor Ahmad Malik
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Ritgerðin skiptist í tvo hluta. Fyrsti hluti ritgerðarinnar skiptist í þrjá kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um höfundinn Birki Blæ Ingólfsson og bókina hans *(Þjóðar)sálin hans Jóns míns*. Í öðrum kafla er stuttlega sagt frá þýðingum og þýðingaraðferðum. Þriðji kafli er tileinkaður helstu vandamálum sem komu upp í þýðingarferlinu og hvernig þau voru leyst. Í seinni hluta ritgerðarinnar er ensk þýðing á allri bókinni *(Þjóðar)sálin hans Jóns míns*.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1 Höfundurinn og verkið	7
1.1 Birkir Blær Ingólfsson	7
1.2 (Þjóðar)sálin hans Jóns míns	8
2 Þýðing og þýðingaraðferðir	10
2.1 Hvað er þýðing	10
2.2 Hugtök um þýðingar og þýðingaraðferðir	10
2.2.1 Roman Jacobson (1896-1982)	10
2.2.2 Friedrich Schleiermacher (1768-1834)	11
2.2.3 Eugene Nida (1914-2011)	12
2.2.4 Hans Vermeer (1930-2010) og Katharina Reiss (1923-2018)	13
3 Þýðingarferlið og vandamál við þýðingarvinnuna	14
3.1 Þýðingarferlið	14
3.2 Form og stíll þýðingarinnar	14
3.3 Vandamál við þýðingarvinnuna	15
3.3.1 Setningafræðileg atriði	15
3.3.2 Kyn orða	18
3.3.3 Sérnöfn	19
3.3.4 Orðaval	20
3.3.5 Orðatiltæki og orðasambönd	22
3.3.6 Tilvísun	23
Lokaorð	24
Heimildaskrá	25
Ensk þýðing á allri bókinni (<i>Þjóðar</i>)sálin hans Jóns míns eftir Birki Blæ Ingólfsson	27

Inngangur

Bókmenntir hafa verið stór hluti Íslendinga öldum saman. Kvöldvökur voru eitt af helstu einkennum samfélags í forni tíð. Á tímum þar sem bækur og sögur voru ekki víða til á prenti, safnaðist samfélagið saman í baðstofunni og hlustaði á sögur sem fólk hafði lært munnlega frá kynslóð til kynslóðar. Með þróun þjóðarinnar var gert átak að þýða erlendar sögur á íslensku, eins og Grimmsævintýri, sem gerðu Íslendingum kleift að kynnast og skilja erlenda menningarheima¹. Fræðimenn erlendis og Íslendingar sem fóru erlendis í nám, eins og Hannes Hafstein, Gestur Pálsson, Einar H. Kvaran o.fl., hjálpuðu þjóðinni að þróast í bókmenntum með því að þýða og kynna erlend hugtök og bókmenntir á íslensku, sérstaklega á síðari öldum². Þýðingar hafa alltaf verið stór hluti af þróun bókmenntanna á Íslandi.

Nú til dags er það ekkert leyndarmál að hundruð bóka hafa verið þýddar yfir á íslensku úr norsku, sænsku, dönsku, þýsku, ensku, frönsku, ítölsku, pólsku o.s.frv. Á sama tíma hafa margar íslenskar bækur verið þýddar yfir á þessi tungumál. Þýðingar yfir á og úr íslensku eru í fullum gangi víða um heiminn.³

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er þýðing úr íslensku yfir á ensku á allri bókinni (*Þjóðar*)*sálin hans Jóns míns* eftir Birki Blæ Ingólfsson og á sama tíma að gefa lesendum innsýn í menningarheimi Íslendinga. Ritgerðin skiptist í þrjá kafla og lýkur á þýðingu bókarinnar. Í fyrsta kafla er fjallað um höfundinn og bókina hans (*Þjóðar*)*sálin hans Jóns míns*. Í öðrum kafla er sagt í fáum orðum frá þýðingum og þýðingaraðferðum. Hér verður stuttlega sagt frá sérfræðingum og kenningum þeirra eins og Roman Jacobson, Friedrich Schleiermacher, Eugene Nida, Hans Vermeer og Katharina Reiss. Þriðji kafli er tileinkaður helstu vandamálum sem komu upp í þýðingarferlinu og hvernig þau voru leyst. Í lok ritgerðarinnar er ensk þýðing á allri bókinni (*Þjóðar*)*sálin hans Jóns míns*.

Markhópur þýðingarinnar er fyrst og fremst enskumælandi fólk, annað hvort á Íslandi eða í erlendis, sem njóta bókmennta en vilja einnig kynna sér íslensku menningu, eða eins og Birkir Blær segir að fá hana *beint í æð*. Áhugaverðast við frumtextann er sú staðreynd að viðhorf til íslensku menningar er birt frá sjónarhorni Íslendinga sjálfs.

¹ Rósa Þorsteinsdóttir 2012:1

² Jón Karl Helgason 2011

³ Distill 2020

1. Höfundurinn og verkið

1.1 Birkir Blær Ingólfsson

Eitt það besta við Ísland er smæð samfélagsins. Í leit minni á netinu um höfundinn fann ég aðeins nokkrar línur hér og þar. Ég velti fyrir mér hvernig ég gat skrifað heilan kafla um höfundinn og ákvað svo að hafa samband við höfundinn sjálfan. Ég fann Facebook síðu hans og eftir að hafa kynnt mig og efni ritgerðarinnar sendi ég honum nokkrar spurningar í einkaskilaboðum á Facebook Messenger sem hann var mjög fús að svara⁴.

Birkir Blær Ingólfsson er Reykvíkingur og fæddist þann 14. janúar árið 1989. Hann lærði lögfræði við Háskóla Íslands en fannst hún óbærilega leiðinleg og ákvað að hætta í lögfræðinámi eftir að hafa klárað BA próf. Í gegnum árin hefur hann starfað sem blaðamaður, rithöfundur, saxófónleikari og saxófónkennari. Ásamt nokkrum félögum stofnaði hann kvikmyndafyrirtæki, Act4, og er nú til dags að starfa þar sem handritahöfundur sem er draumastarfið hans og er núna að leggja lokahönd á seríu tvö af þáttaröðinni *Ráðherranum*. Fyrsta sería *Ráðherrans* kom út árið 2020 og fékk Edduverðlaun sem besta leikna efnið.⁵

Blaðamennskan og ást á tónlist hefur hjálpað honum talsvert í starfinu sínu sem rithöfundur. Samkvæmt honum kynnist maður samfélaginu býsna vel sem hann er hluti af þar sem hann fylgist með því allan daginn. Þar að auki smíðar hann texta og skrifar fréttir af því sem gerist í samfélaginu sem er ágæt æfing. Varðandi tónlist segir hann að það sé auðmýkjandi að reyna að læra að spila vel á hljóðfæri og að það sé agalega mikil vinna sem gildir í raun og veru um allt í lífinu. Þetta kenndi honum að vinna af kostgæfni í öllu sem hann vildi afreka. Í sambandi við áhrif tónlistar segir hann í fyrrgreindum einkaskilaboðum:

Stundum þegar ég hlusta á tónlist finnst mér tónlistarmenn geta vakið tóna til lífsins. Og mig langar einnig að geta vakið orð til lífsins. Og af því ég hef heyrt tóna sem vakna til lífs, þá hef ég þælt mikið í því hvernig maður geri það með orðum. Ég veit enn ekki svarið. En þæli talsvert í því. Og þær þælingar eru innblásnar af tónlist.

Árið 2017 gaf Birkir Blær út bókina (*Þjóðar*)sálin hans *Jóns míns* sem gefur lesendum innsýn í menningarheimi Íslendinga og árið 2018 var hann handhafi Íslensku

⁴ Birkir Blær Ingólfsson, munnleg heimild, 15. apríl 2023

⁵ Eddan 2021

barnabókaverðlaunanna fyrir barnabók sína *Stormsker – fólkið sem fangaði vindinn*⁶. Þar að auki hefur hann skrifað smásögur, ljóð og þáttaröð eins og áður var nefnt. Upplifun hans sem rithöfundur hefur verið margþætt og frá því hann byrjaði að skrifa hefur hann þroskast mikið og vill gjarna halda því áfram. Varðandi þetta segir hann enn aftur í fyrrgreindum einkaskilaboðum:

Það er þroskandi að vera rithöfundur. Maður þarf mikið að vera að þæla í alls konar. Maður vinnur jú með hugmyndir. Sem verður til þess að maður reynir að fylla hausinn sinn af alls kyns hugmyndum - með því t.d. að lesa. Svo maður hafi hugmyndir í höfðinu til að móða sögur úr. Og maður er mikið að reyna að setja sig í spor annarra sem ég held að þroski með manni samkennd og mannskilning. Sem mér þykir fallegt.

1.2 (Þjóðar)sálin hans Jóns míns

(Þjóðar)sálin hans Jóns míns var fyrst gefin út árið 2017 og er sú fyrsta í bókaflokknum *Fræjum, ritgerðaröð um samfélagið og samtímann* gefin út af forlaginu Partusi⁷. Bókin er byggð á þjóðsögunni *Sálin hans Jóns míns* þar sem konunni hans Jóns er alveg sama um reglur, gengur upp til himnaríkis með sál eiginmannsins í skjóðu, móðgar alla dýrlingana og svindlar sálinni hans inn í Paradís.

Í gegnum þjóðsöguna sýnir höfundurinn hugarheim og sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar sem eru byggð á hugtökunum *undantekningarhyggju, sérmeðferð* og síðast en ekki síst á hugtakinu sem Íslendinga lifa eftir *þetta reddast*. Hann dregur einkenni Íslendinga saman í eftirfarandi orðum: „Mark Twain hefur sagt að til þess að ná árangri í lífinu þurfi maður tvennt: fávísku og sjálfstraust. Konan hans Jóns míns er ekkert annað en fávíska og sjálfstraust í sinni hreinustu mynd, fléttuð saman í eina persónu – eða réttara sagt, eina þjóð.“⁸

Ein af fyrstu spurningum sem ég var spurður þegar ég kom til Íslands var: „Hvernig finnst þér Ísland og hver er skoðun þín á Íslendingum?“ Það er mjög erfitt að svara slíkum spurningum, jafnvel 10 árum síðar, sérstaklega sem útlendingur. Það býr alls konar fólk á Íslandi eins og í öllum öðrum löndum og vegna þess er mjög erfitt að svara þessu í stuttu máli. En bók Birkis svarar slíkum spurningum á léttan og skemmtilegan hátt – ekki frá sjónarhorni útlendinga, heldur Íslendinga!

⁶ Kolbeinn Tumi Daðason 2018

⁷ Bókabúð Forlagið e.d.

⁸ Birkir Blær Ingólfsson 2017:54

Sjálfur skrifar hann um bókina á Facebook síðunni sinni:

Ég var að skrifa bók. Einhvern tíma fór ég nefnilega að hugsa að íslenska þjóðin væri að mörgu leyti lík bóndakonunni krúttlegu í þjóðsögunni af Sálinni hans Jóns míns sem gekk upp til himna og valtaði yfir Guð og Jesú og alla dýrlingana og dúndraði sínum heittelskaða framhjá kerfinu og inn í Paradís. Þið vitið, kunningjavelðið og svo þetta túrbó-sjálfsstraust, stórasta land í heimi og inspired by Iceland og séríslensk einkenni ættuð frá víkingum og allt þetta. Ég ákvað að skrifa um þetta og ætlaði fyrst bara að skrifa tweet eða status á feis eða eitthvað létt og laggott en hafði svo alltof mikið að segja og endaði óvart á því að skrifa bók.⁹

Stíll bókarinnar er frekar nútímalegur og kaldhæðinn og orðaval Birkis er að mestu leyti frekar einfalt. Ég myndi líkja stíl bókarinnar við kenningu Gests Pálssonar um raunsæisstefnuna í kringum 1880 sem sagði að þarfasti maðurinn fyrir land og þjóð sé „kómedíuskáld, sem gæti sýnt okkur vel og greinilega, hvernig við lítum út í spegli.“¹⁰

Viðbrögð fólks við bókinni voru misjöfn. Flestum var alveg sama, óskuðu honum til hamingju og gleymdu svo að hann hafði nokkrum tíma skrifað bókina. Á hinn bóginn fannst mörgum bókina afar skemmtileg. Hann hitti konu sem sagði honum að bókin hefði breytt því hvernig hún hugsar um Íslendinga og að hún hefði breytt lífi sínu.

⁹ Birkir Blær Ingólfsson 2017

¹⁰ Jón Karl Helgason 1989:133

2. Þýðing og þýðingaraðferðir

2.1 Hvað er þýðing?

Samkvæmt íslenskum orðabókum merkir orðið *þýðing* ‘túlkun’, ‘útlekking’, ‘skýring’, ‘að þýða úr einu máli á annað’¹¹ og það ‘að þýða bókmennta- eða nytjatexta af einu tungumáli á annað’¹². Enska orðið *translate* sem á rætur sína í latínu merkir það sama. Túlkun er svipuð og þýðing þar sem frumtexti er sagður á öðru tungumáli eða menningarheimi. Munur milli þýðingar og túlkunar er sá að í túlkun er frumtextinn fluttur munnlega, birtist aðeins einu sinni og markttextinn verður til undir tímapressu þannig að hvorki er hægt að endurskoða eða leiðrétta. En í þýðingu er hægt að skoða frumtextann aftur og aftur og leiðrétta markttextann o.s.frv.

Þýðingar eru í raun og veru ein af nauðsynlegum leiðum til þess að get flutt einstaklinga heimsins inn í heim hvers annars burtséð frá því hvort það sé heim menningar, stjórn mála, efnahags eða samfélags. Þýðingar eru ein leið til þess að við getum skilið hvort annað. Samkvæmt Juliane House er þýðing aðferð þar sem einhver frumtexti er þýddur og fluttur yfir á annað mál svokallað markmál.¹³ Sérfræðingar eins og Wilss, Nida og Taber bæta við að þýðing feli í sér að markttextinn er eins jafngildur frumtextanum og hægt er. Ástráður Eysteinnsson lýsir efninu í *Tvímæli* og skrifar: „Þýðing felur allajafna í sér að einhver höfundur hefur samið texta (ritað mál af einhverju tagi) á máli sínu (til dæmis rússnesku) og einhver þýðandi flutt þennan texta yfir á sitt mál (til dæmis íslensku).“¹⁴

2.2 Hugtök um þýðingar og þýðingaraðferðir

2.2.1 Roman Jakobson (1896-1982)

Roman Osipovítsj Jakobson var rússneskur málvísindamaður og einn af þeim fyrstu til að nálgast þýðingar sem vísindi en ekki list. Samkvæmt Bergljótu Kristjánsdóttur var hann: „...einhver áhrifamesti fræðimaðurinn á sviði hugvísinda á 20. öld og fékkst við fjölbreytt viðfangsefni, einkum á sviði málvísinda, bókmenntafræði og táknfræði.“¹⁵ Eins og aðrir fræðimenn fjallaði hann mikið um umorðun og merkingu þýðingar eða

¹¹ Íslensk orðabók 2007:1231

¹² Íslensk nútímamálsorðabók e.d.

¹³ House 2018:10

¹⁴ Ástráður Eysteinnsson 1996:26

¹⁵ Bergljót Kristjánsdóttir 2011

eiginlega þýðingu. Í ritgerð sinni *Um málvísindalegar hliðar þýðinga* skiptir hann þýðingum í þrjár megin gerðir.¹⁶

1. *Intralingual translation* eða þýðing innan tungumálsins. Með öðrum orðum er sama málkerfi notað til þess að endurflytja tiltekin boð. Við getum kallað þetta *umorðun*.
Dæmi um þetta getur verið Íslendingasaga sem hefur verið endursögð fyrir börn. Sama tungumál er notað en orðaforði og stíllinn o.s.frv. er lagaður að börnum.
2. *Interlingual translation* eða þýðing milli tungumála. Hér er talað um að flytja merkingu frá einu tungumáli yfir á annað sem við getum sagt sé *eiginleg þýðing*.
Dæmi um þetta er að þýða íslenska bók eða texta yfir á ensku.
3. *Intersemiotic translation* eða þýðing milli táknerfa. Hér er talað um að nota annan tákniðil til þess að endurflytja tiltekin boð.
Dæmi um þetta getur verið texti sem er fluttur yfir í dans eða tónlist eða skáldsaga yfir í kvikmynd.

2.2.2 Friedrich Schleiermacher (1768-1834)

Friedrich Daniel Ernst Schleiermacher var þýskur guðfræðingur, heimspekingur og prédikari.¹⁷ Hann er þekktur sem faðir túlkunarfræðinnar og var mjög umdeildur. Hann var þýðandi og átti stóran þátt í mótun þýðingafraði.

Árið 1818 flutti Friedrich Schleiermacher fyrirlestur við vísindaakademíuna í Berlín og greindi frá hinum ýmsu aðferðum við þýðingar. Samkvæmt honum getur *hinn eiginlegi þýðandi* valið milli tveggja aðferða til þess að leiða saman höfund og lesanda sem má ekki blanda saman. Þessar tvær leiðir eru:

1. Að færa lesandann til móts við höfundinn
Hér fer lesandinn í raun og veru á sama stað og þýðandinn var þegar hann las og fór yfir frumtextann og hann fær að vita hvernig þýðandinn sjálfur skildi frumtextann. Þýðandinn reynir að bæta lesandanum upp þekkinguna

¹⁶ Ástráður Eysteinnsson 1996:28

¹⁷ Encyclopedia Britannica e.d.

sem hann þarf til þess að skilja frumtextann og hann reynir líka að miðla tilfinningunum og áhrifunum sem hann varð fyrir þegar hann las frumtextann.

2. Að færa höfundinn til móts við lesandann.

Hér er höfundur textans færður inn í markmálið og markmenninguna. Með öðrum orðum reynir þýðandinn að þýða á tiltekinn hátt þar sem það virðist vera eins og höfundurinn þekki markmenninguna og tali beint á markmálið. Íslenskur höfundur er færður inn í þýsku og textinn er þýddur eða skrifaður eins og höfundur væri þýskur að tala við þjóð sína.

2.2.3 Eugene Nida (1914-2011)

Eugene Albert Nida var bandarískur málfræðingur og biblíuþýðandi. Í bókinni sinni *Toward a science of Translation* fjallar hann um hugtakið *jafngildi* (e. equivalence). Samkvæmt Eugene Nida eru öll tungumál mismunandi og engin tvö tungumál geta verið alveg eins. Þýðingafræðilega séð merkir þetta að sjálfsögðu að engin þýðing getur alveg samsvarað frumtextanum orð fyrir orð þ.e.a.s. að enginn marktæki getur verið alveg eins og frumtextinn. Samkvæmt Eugene Nida og öðrum sérfræðingum geta tungumál hins vegar haft sömu merkingu eða gildi.

Þar sem tveir textar á mismunandi tungumálum geta ekki verið alveg eins eða *jafngildir* er mikilvægt að finna jafngildi sem hæfir best. Til þess að geta gert það þarf þýðandinn að athuga frumtextann og velja fyrir sér:

1. Boðinu sjálfu – formi og inntaki eða efni textans. M.ö.o. efninu sem textinn fjallar um og hvers konar tungumál er notað í frumtextanum.
2. Tilgangi höfunda/þýðanda – er tilgangurinn að upplýsa, að kalla fram ákveðnar tilfinningar eða ákveðna hegðun?
3. Viðtakendunum og hæfni þeirra – er þýðingin fyrir börn, fólk sem er ekki vant að lesa, fólk sem er vant að lesa eða jafnvel fyrir sérfræðinga? Það er líka mikilvægt að velja fyrir sér af hverju þetta fólk vilji lesa textann.

Jafngildi getur verið tvennskonar a) formlegt jafngildi (e. formal equivalence) og b) áhrifajafngildi (e. dynamic equivalence). Í formlegu jafngildi er áherslan lögð á form og

inntak frumtextans þ.e.a.s. á tungumál, orð, málnotkun og efni frumtextans. Hér reynir þýðandinn að hafa frumtextann og markttextann eins nálæga og hægt er. Í áhrifajafngildi er áherslan lögð á lesandann og viðtakandann þar sem frumtextinn, merking og boðið hans eru flutt yfir á markmál og markmenningu lesandans. Þetta er í raun og veru svipað og í kenningu Friedrich Schleiermacher um að færa höfundinn til móts við lesandann. Samkvæmt Eugene Nida er best að hafa blöndu af báðum jafngildum í þýðingu en að fórna fyrst formlegu jafngildi og leggja áherslu á áhrifajafngildi eða lesandann og viðtakandann.¹⁸

2.2.4 Hans Vermeer (1930-2010) og Katharina Reiss (1923-2018)

Hans Vermeer og Katharina Reiss voru þýskir málvísindamenn og þýðingarfræðingar sem voru best þekkt fyrir að leggja grunninn að og móta skoposkenninguna. Kenning og framlag þeirra til fræðanna gegnir stóru hlutverki í þýðingafræði eins og hún lítur út í dag.

Skoposkenningin miðast fyrst og fremst við markttextann, markmenninguna og viðtakanda. Skopos er grískt orð sem þýðir markmið eða tilgangur og í skoposkenningunni ákveður þýðandinn sjálfur markmið og tilgang þýðingarinnar. Samkvæmt skoposkenningunni er frumtextinn athöfn sem höfundur framkvæmir með ákveðinn tilgang í huga. Út frá þessu er búin til samskipti milli þess sem skrifar frumtextann og þess sem les hann. Þessi texti hefur ákveðið hlutverk (eða fleiri) sem er(u) háð tíma, rúmi og menningu. Þegar einhver þýðir frumtextann verður hann viðtakandi í frummennningunni en framleiðandi í markmenningunni og þegar hann þýðir ákveður hann sjálfur hvert hlutverk textans er miðað við viðtakendur og markmenninguna.¹⁹

Munurinn milli jafngildiskenningu Nida og skoposkenningu Vermeer og Reiss er að í jafngildiskenningu liggja tengslin milli frumtexta og markttexta en samkvæmt skoposkenningu liggja tengslin í hlutverkinu sem þýðandinn ákveður sjálfur fyrir markttextann.

¹⁸ Ástráður Eysteinnsson 1996:89-92

¹⁹ Venuti 2000:221-223

3 Þýðingarferlið og vandamál við þýðingarvinnuna

3.1 Þýðingarferlið

Ég las bókina fyrst í námskeiðinu *Íslenskar þjóðsögur og þjóðtrú* í BA-náminu í íslensku sem öðru máli. Því meira sem ég las bókina, því meira laðaðist ég að henni og viðhorfi höfundarins og hún varð fljótlega ein af mínum uppáhaldsbókum. Þegar að kom að velja texta til að þýða var það í raun og veru löngu ákveðið mál fyrir mig. Ég las bókina aftur í heild, sérstaklega hlutann sem valinn var fyrir þýðingu og byrjaði að velja fyrir mér og að taka eftir hvað gæti verið erfitt að þýða o.s.frv.

Þar á eftir byrjaði ég að þýða textann. Ég hef mikla reynslu af því að þýða texta. Meðal annars er ég í þýðingarteymi fyrir *The Review of Religions* og ég þýði aðallega texta á úrdú yfir á ensku í hverri viku. Í þessu þýðingarverki fylgdi ég sama þýðingarferli og ég fer eftir þegar ég þýði úr úrdú. Á meðan ég þýddi textann undirstrikaði ég og skrifaði niður öll orð og orðatiltæki sem mig langaði að skoða aftur og betur, bæði á ensku og íslensku. Næst endurskoðaði ég þýðinguna, bar hana saman við frumtextann og leiðrétti textann eftir því sem mér fannst viðeigandi að laga. Þegar ég var orðinn frekar ánægður með þýðinguna bað ég konuna mína, sem er með BA-gráðu í enskum bókmenntum, að lesa hana og láta mig vita af öllu sem ég þyrfti að endurskoða og leiðrétta.

3.2 Form og stíll þýðingarinnar

Við þýðingarvinnuna lagði ég mesta áherslu á að marktextinn væri eins nálægt frumtextanum og hægt er en á sama tíma reyndi ég láta hann hljóma eðlilega og flæða vel. Mér finnst mjög mikilvægt að nota orð í marktexitanum sem jafngilda upprunalegum orðum í frumtextanum. Ég reyndi að forðast að leggja aðeins áherslu á og flytja yfir merkingu frumtextans eins og Cícero²⁰ og Híerónímus²¹ gerðu þegar þeir þýddu úr grísku. Mig langaði frekar að færa lesandann til móts við höfundinn sem, samkvæmt Friedrich Schleiermacher, er eitt af einkennum hins eiginlega þýðanda²². Til að mynda getur höfundur frumtextans valið milli formlegs máls og óformlegs máls. Ef hann

²⁰ Robinson 1997:6-9

²¹ Robinson 1997:24-26

²² Ástráður Eysteinnsson 1996:77

ákveður að nota óformlegt mál og orðafar þá get ég ekki ákveðið að þýða textann á mjög formlegan hátt og öfugt bara til þess að textinn flæði vel og sé fallegur.

Ég myndi segja að þýðingin mín sé í samræmi við kenningu Eugene Nida um formlegt jafngildi þar sem áhersla er lögð á form og inntak frumtextans þ.e.a.s. á málkerfi, orð, málnotkun og efni frumtextans og reynt er að hafa frumtextann og marktann eins nálægt og hægt er. En þetta merkir alls ekki að þýða þurfi orð fyrir orð því að það er nauðsynlegt að fylgja reglum og venjum á markmálinu líka.

3.3 Vandamál við þýðingarvinnuna

3.3.1 Setningafræðileg atriði

Ég gat fylgt að mestu leyti ytri umgerð frumtextans. Málsgreinar í þýðingunni voru inndregnar á sama stað og í frumtextanum. Hins vegar bætti ég við kommu og semíkommu til þess að laga nokkrar setningar að ensku. Þar að auki skipti ég nokkrum lengri setningum í tvennt, þrennt og jafnvel í fleiri þar sem langar og flóknar setningar geta truflað lestur textans. Dæmi 1 sýnir hvernig frumtextinn lítur út (a), hvernig ég þýddi textann á ensku og bætti við kommu (b) og hvernig frumtextinn myndi líta út samkvæmt mínum breytingum (c). Á blaðsíðu 16 skrifar Birkir Blær:

1)

- a. Hún hugsar þetta náttúrulega í hálfkæringi, á ekki von á því að forsjónin bænheyri hana, en svo tekur karlinn sótt og ætlar loksins að drepast, og þá fær kerling auðvitað samviskubit, má ekki til þess hugsa að missa hann, enda búa þau ein á afskekktum bæ og hún finnur hvað hún verður einmana án hans.
- b. She naturally thinks about this half-heartedly, but is not hopeful that fate would answer her request. Subsequently, the husband falls ill and is finally going to die. The old lady then naturally becomes remorseful, as she cannot bear the thought of losing him. After all, they live alone on a distant farm and she feels how lonely she will be without him.
- c. Hún hugsar þetta náttúrulega í hálfkæringi, á ekki von á því að forsjónin bænheyri hana. En svo tekur karlinn sótt og ætlar loksins að drepast. Og þá fær kerling auðvitað samviskubit, má ekki til þess

hugsa að missa hann. Enda búa þau ein á afskekktum bæ og hún finnur hvað hún verður einmana án hans.

Í dæmi 2 er sýnd enn lengri setning sem getur verið heil málsgrein. Hér ákvað ég að skipta setningunni í fimm aðeins styttri setningar. Hann skrifar á blaðsíðu 14:


2)

- a. Ég biðst forláts, en skyr bragðast eins og gömul jógúrt sem hefur staðið í sólskini í nokkrar vikur og harðnað svo áferðin minnir á tréspæni – það þarf þrisvar sinnum meira af mjólk til að búa til skyr heldur en jógúrt, ástæðan fyrir því að þetta tíðkaðist hér er væntanlega sú að við vorum vön því að borða skemmdan mat, skyrgerð þekktist um alla Skandinavíu á landnámsöld en hún lagðist alls staðar af nema hér, ef til vill vegna þess að hinir lærðu að gera jógúrt sem smakkaðist betur – allir nema við, því við vorum of einangruð, og í dag erum við dæmd til að veggfóðra fordyri landsins með lofgjörð um skyr, einfaldlega vegna þess að eitt af því sem raunverulega staðfestir að við séum þjóð er skyr.
- b. I beg your pardon, but skyr tastes like stale yoghurt that has been sitting in the sun for several weeks and hardened to a texture reminiscent of wood shavings – you need three times more milk to make skyr compared to yoghurt. The reason for this to have been adopted here is probably that we were used to eating spoiled food. Making skyr was commonly known across all of Scandinavia during the period of settlement, but it discontinued everywhere except here; perhaps because others learned to make yoghurt, which tasted better – everyone but us. The reason for this is that we were too isolated. And today we are doomed to wallpaper the hallway of the country with praise for skyr, simply because one of the things that truly affirms that we are a nation is skyr.
- c. Ég biðst forláts, en skyr bragðast eins og gömul jógúrt sem hefur staðið í sólskini í nokkrar vikur og harðnað svo áferðin minnir á tréspæni – það þarf þrisvar sinnum meira af mjólk til að búa til skyr heldur en jógúrt. Ástæðan fyrir því að þetta tíðkaðist hér er væntanlega sú að við vorum vön því að borða skemmdan mat.

Skýrgerð þekktist um alla Skandinavíu á landnámsöld en hún lagðist alls staðar af nema hér; ef til vill vegna þess að hinir lærðu að gera jógúrt sem smakkaðist betur – allir nema við. Því við vorum of einangruð. Og í dag erum við dæmd til að veggfóðra fordyri landsins með lofgjörð um skyr, einfaldlega vegna þess að eitt af því sem raunverulega staðfestir að við séum þjóð er skyr.


Kjarnafærslan var annað atriði sem ég þurfti að athuga sem beitt er á ólíkan hátt á ensku. Venjuleg orðaröð í íslensku er frumlag – sögn – andlag eins og í dæmi 3 sem er tekið af blaðsíðu 26:

3)

- a. Áður nefndur Bruno Bettelheim ritaði bók...
- b. The aforementioned Bruno Bettelheim wrote a book...
- 


Í kjarnafærslu er einhver annar liður eins og atviksliður, forsetningarliður, nafnliður eða aukafallsliður færður í fyrsta sæti og persónufornafnið er fært eftir persónubeygðu sögnina. Samt sem áður breytir þetta atriði ekki orðaröðinni á ensku þar sem persónufornafnið kemur samt á undan persónubeygðu sögninni. Neðst á blaðsíðu 11 er setning sem inniheldur venjulega orðaröð og aukasetningu sem er færð fremst með kjarnafærslu. Orðaröðin í íslensku verður þá sögn – frumlag – andlag en heldur áfram að vera frumlag – sögn – andlag á ensku. Birkir Blær skrifar:

4)

- a. Ég var á leið til Belgíu og þegar flugvélin lenti fór ég að spekulera...
- b. I was on the way to Belgium and when the airplane landed, I started speculating...
- c. Ég var á leið til Belgíu og þegar flugvélin lenti ég fór að spekulera...
- 

Annað dæmi má finna á blaðsíðu 21. Hér skrifar Birkir Blær:


5)

- a. Þrátt fyrir það gerir konan hans Jóns mín sér ferð til himnaríkis...
- b. Despite this, Jón's wife travels to heaven
- 

- c. Þrátt fyrir það konan hans Jóns míns gerir sér ferð til himnaríkis...

Í nokkrum tilfellum ákvað ég að breyta orðaröð setninga aðeins til þess að forðast klaufalega setningagerð. Í staðinn fyrir að hafa atviksorðin *nevertheless* og *probably* við hliðina á hvort öðru, sem hljómar ekki vel, ákvað ég að færa orðið *nevertheless* fremst í setninguna. Á blaðsíðu 48 skrifar höfundurinn:


6)

- a. Tilkomumesta birtingarmyndin er samt líklega aflandsfélagaeign Íslendinga...
- b. Nevertheless, the most outstanding manifestation is probably the Icelanders' ownership of offshore companies...
- c. The most outstanding manifestation is, nevertheless, probably the Icelanders' ownership of offshore companies...
- 

3.3.2 Kyn orða

Öll nafnorð í íslensku hafa fast kyn sem fer eftir formi orðsins en ekki eftir merkingu þess eða líffræðilegu kyni þeirrar lifandi veru sem orðið vísar til. Það sama gildir ekki á ensku þar sem nafnorð sjálf eru kynlaus og aðeins merking orðanna ákveður kyn þeirra. Hvort nafnorð er í karlkyni eða kvenkyni kemur aðeins fram þegar vísað er til fólks, og í sumum tilfellum til dýra, með persónufornöfnum. Hlutir og allt sem er ekki lifandi hafa almennt hvorugkyn þegar vísað er til þeirra með persónufornöfnum. Þetta er mikilvægt að athuga þegar áherslan er lögð á að hafa marktextann eins nálægt frumtextanum og hægt er því að það er nauðsynlegt að fylgja málfræðilegum reglum á markmálinu líka. Á blaðsíðu 10 notar höfundurinn persónufornafnið *hún* í sambandi við kvenkynsnafnorðið *skyr-auglýsingin*. Hér er ekki hægt að þýða *hún* með *she* heldur þarf að nota persónufornafnið *it* í staðinn. Annað dæmi um þetta atriði má finna á blaðsíðu 39 þar sem Birkir Blær notar persónufornafnið *hún* í sambandi við kvenkynsnafnorðið *nefnd*. Hér skrifar hann:

7)

- a. Aftur að nefndinni og þeirri mynd sem hún ákvað að draga upp af Íslandi...
- b. Back to the committee and the image it decided to paint of Iceland...
- 

3.3.3 Sérnöfn

Mikið er talað og rætt um hvernig íslensk nöfn, örnefni o.s.frv. eiga að koma fram í þýðingum og hvort það sé gott og viðeigandi að bæta við útskýringum og niðurmálgreinum. Að mínu mati er mikilvægt að nota upprunalegu nöfnin til þess að færa lesandann til móts við höfundinn. Það er hægt að bæta við útskýringum um stafrófið og framburð í upphafi þýðingarinnar og það er líka hægt að bæta við neðanmálgreinum til þess að útskýra stuttlega nokkra hluti – að sjálfsögðu aðeins þar sem nauðsynlegt er. Þannig getur lesandinn færst að heimi höfundarins en skilið hlutina á sínu tungumáli líka.

Til að mynda talar höfundurinn um *Pepsi-deildina* á blaðsíðu sjö. Í staðinn fyrir að bæta orðum við í textanum sjálfum um að um íslenska fótboltadeild sé að ræða, fannst mér viðeigandi að útskýra stuttlega í neðanmálgrein hvað átt er við með *Pepsi-deildinni*.

8)

- a. ...líkt og mannsönurinn væri markmaður í tapliði í Pepsi-deildinni.
- b. as if the Son of Man was the goalkeeper on a losing team in the Pepsi league*.

*The highest level men's football league in Iceland, also known as *Besta deild karla*. (neðanmálgrein)

Annað dæmi kemur fram á blaðsíðu níu þar sem höfundurinn talar um *Leifsstöð*. Ég notaði sérnafnið *Leifsstöð* en bætti við stuttri neðanmálgrein til að útskýra hvað átt er við með sérnafninu.

9)

- a. Það er eitthvað sérkennilega íslenskt við Leifsstöð.
- b. There is something very Icelandic about Leifsstöð*.

*Keflavik International Airport, or Leif Erikson Air Terminal.
(neðanmálgrein)

Það sama gildir um orð eins og *appelsín* á blaðsíðu 11.

10)

- a. „Það ótrúlegasta við Ísland ... er ekki tæra og hreina vatnið sem kemur úr krönunum okkar ... heldur sú staðreynd að við blöndum appelsínugosi og eimuðu malti saman á jólnunum til að ná hinu eina og sanna jólabragði.“

- b. “The most unbelievable fact about Iceland...is not the clean and pure water that pours out of our taps. Rather, it is the fact that over Christmas, we mix the carbonated appelsín drink* with distilled malt in order to acquire the one and only Christmas flavour.”

*Carbonated orange drink, similar to Fanta. (neðanmálgrein)

3.3.4 Orðaval

Stíll Birkis er frekar nútímalegur og kaldhæðinn og orðaval hans er að mestu leyti frekar einfalt. Að sjálfsögðu er ýmislegt sem þýðandi þarf að fletta upp, rannsaka og velta fyrir sér til þess að skilja nákvæmlega hvað höfundurinn á við og til að geta þýtt textann á réttan hátt. Eitt séreinkenni texta Birkis er að hann notar erlend orð af og til. Í upphafi textans, á blaðsíðu sjö, notar hann danskt orð og segir: „...[hún] móðgaði alla dýrlingana í forbífarten og sagði Maríu mey að...”

Þar sem ég hef aldrei lært dönsku þurfti ég að rannsaka málið. Ég fletti orðinu upp í orðabókum og spurði dönskumælendur hvernig og í hvaða samhengi orðið er notað. Eftir að hafa skilið hvernig orðið er notað þýddi ég setninguna á eftirfarandi hátt.

11)

- a. ... [hún] móðgaði alla dýrlingana í forbífarten og sagði Maríu mey að...
- b. Along the way, she insulted all the saints and told the Virgin Mary that...

Einnig notar Birkir Blær ensk orð í gegnum bókina og þýðir eða útskýrir þar á eftir merkingu orðsins á íslensku. Í þessum tilfellum ákvað ég að nota enska orðið og sleppa útskýringunni. Á blaðsíðu 30 skrifar hann:

12)

- a. Til er einfalt orð sem lýsir slíkum hugsunarhætti: *exceptionalism* eða undantekningahyggja á íslensku.
- b. There is a simple word that describes such mentality: exceptionalism.

Mér fannst ekki viðeigandi að bæta við *or undantekningahyggja in Icelandic*. Það sama gerði ég þegar Birkir Blær fjallar um bók Guðna Th. Jóhannessonar. Hann nefnir íslenskt nafn bókarinnar, *Sögu Íslands*, og útskýrir svo innan sviga að hún væri einungis gefin út

á ensku og nefnist *The History of Iceland*. Hér ákvað ég að sleppa útskýringunni innan sviga.

13)

- a. Guðni Th. Jóhannesson, forseti, lýsir þessu á kjarngóðan hátt í bókinni *Sögu Íslands* (sem nefnist í raun *The History of Iceland og var einungis gefin út á ensku*).
- b. Guðni Th. Jóhannesson described this in a vigorous manner in his book, *The History of Iceland*.

Á hinn bóginn talar höfundurinn um bók Brunos Bettelheims *The Use of Enchantment* og segir þar á eftir hvernig má þýða nafnið á íslensku. Hér ákvað ég að nota orð og þýðing hans líka og sýna hvernig titil bókarinnar gæti verið þýdd á íslensku til þess að færa lesandann til móts við höfundinn. Á blaðsíðu 26 skrifar hann:

14)

- a. Áðurnefndur Bruno Bettelheim ritaði bók sem fjallar um áhrif þjóðsagna á sálarþel barna, er nefnist á ensku *The Use of Enchantment* og gæti útlagst sem *Nytsemd töfra* á íslensku.
- b. The aforementioned Bruno Bettelheim wrote a book about the impact of folktales on the psychology of children. In English, it is called *The Uses of Enchantment* and can be translated as *Nytsemd töfra* in Icelandic.

Í einu tilfelli notar Birkir Blær þýskt orð. Þar sem ég er með þýskan bakgrunn var það ekkert sérstakt vandamál en samt eitthvað að athuga. Hann skrifar efst á blaðsíðu 36:

15)

- a. Ég vil ekki hljóma eins og *besserwisser*, en skáld eru ekki séríslenskt fyrirbæri.
- b. I do not want to sound like a know-it-all, but poets are not a phenomena unique to Iceland

Orðaval höfundarins getur verið frekar óformlegt og í þessum tilfellum reyndi ég að endurspegla orðaval hans í marktættum líka. Á blaðsíðu 30 segir hann:

16)

- a. ...en hún þælir ekki í því, lítur aldrei inn á við. *Þetta reddast bara, hugsar hún, sjitt hvað þetta reddast bara.*
- b. ...but she does not give it any consideration and never takes a look inside. 'This will be fine', she thinks, 'shit, this will just be fine.'

Hér notar hann orðið *sjitt* sem er slangur aðlagð að íslensku og fannst mér viðeigandi að nota sama orð og höfundurinn *sjitt/shit* í staðinn fyrir að segja *oh, how this will just be fine* eða eitthvað í þeim dúr.

3.3.5 Orðatiltæki og orðasambönd

Nokkur orðatiltæki og orðasambönd komu fyrir í textanum sem ekki áttu hliðstæður á ensku. Í þessum tilfellum reyndi ég að finna orð eða orðatiltæki sem jafngiltu merkinguna í íslensku. Á blaðsíðu sjö skrifar Birkir Blær: „Svo gaf hún öllum langt nef...“

Það er alls ekki hægt að segja „she gave everyone a long nose“, á ensku. Í staðinn fyrir þetta notaði ég eftirfarandi orð:

17)

- a. Svo gaf hún öllum langt nef, sér í lagi almættinu.
- b. She was impolite to everyone, particularly to the Almighty.

Dæmi um orðasamband má finna í eftirfarandi setningunni: „Samt er það hann sem fær aktúalt að heita eitthvað í sögunni, hún fær ekkert að heita frekar en aðrar konur á Íslandi í gamla daga...“

Þegar ég las setninguna fyrst aðgreindi ég *ekkert* og *frekar en*. Ég veit hvað *ekkert* og *frekar en* merkir en í þessu samhengi vissi ég alls ekki hvernig að þýða orðin þar sem *frekar en* er venjulega notað til að gefa gagnstæða merkingu. Ég velti þessu lengi fyrir mér og spurði þá nágranna minn. Hann útskýrði orðasambandið strax og gaf mér annað dæmi um merkingu *frekar en* þegar einhver neitun kemur á undan eins og í *hún var ekki hissa, ekki frekar en venjulega* sem merkir að hún var ekki hissa eins og vant var. Í samræmi við þetta þýddi ég textann á eftirfarandi hátt.

18)

- a. Samt er það hann sem fær aktúalt að heita eitthvað í sögunni, hún fær ekkert að heita frekar en aðrar konur á Íslandi í gamla daga...

- b. Despite this, it is he who is actually given a name in the story. She is not given a name just like other women in Iceland in the old days.

3.3.6 Tilvísun

